

# Frumvarp til laga

## um eldi nytjastofna sjávar.

(Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001–2002.)

### 1. gr.

Markmið þessara laga er að stuðla að ábyrgu eldi nytjastofna og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.

### 2. gr.

Til eldis samkvæmt lögum þessum teljast geymsla, gæsla og fóðrun nytjastofna, hafbeit, klak- og seiðaeldi, hvort sem er á landi eða í sjó.

Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru eða kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi, íslensku landgrunni eða á landi með eldi. Ferskvatnsfiskar teljast ekki til nytjastofna samkvæmt þessum lögum.

### 3. gr.

Sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn allra mála er varða eldi nytjastofna sjávar. Til eldis nytjastofna þarf rekstrarleyfi Fiskistofu. Áður en Fiskistofa gefur út slíkt leyfi skal hún afla umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar og Hollustuverndar ríkisins. Er eldi nytjastofna óheimilt á Íslandi eða í fiskveiðilandhelgi Íslands án slíks leyfis.

Umsókn um rekstrarleyfi skal vera skrifleg og skulu þar koma fram upplýsingar um m.a. eignaraðild að fiskeldisstöð, fagþekkingu umsækjanda, stærð stöðvar, framleiðslumagn, eldistegundir, eldisaðferðir, matsskyldu framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umsókn skulu fylgja skilríki um afnot vatns, lands og sjávar, leyfi til mannvirkjagerðar og leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur. Þá skulu fylgja umsókn gögn um sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti svo og önnur gögn sem Fiskistofa óskar eftir að lögð verði fram.

Ef umsókn og önnur gögn eru fullnægjandi og sýnt er að veiting leyfisins stríðir ekki gegn markmiðum 1. gr. skal Fiskistofa gefa út rekstrarleyfi til fimm ára í senn.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð á grundvelli þessara laga sem mælir nánar fyrir um skilyrði sem umsækjendur um rekstrarleyfi samkvæmt lögnum þurfa að uppfylla til að fá

**Prentað upp á ný.**

útgefið leyfi. Í reglugerðinni skal meðal annars tilgreina viðmið varðandi stærð stöðvar, eldisrými, framleiðslugetu og önnur atriði er varða vistfræðilega og sjúkdómstengda þætti.

#### 4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fjóra menn í fiskeldisnefnd til fjögurra ára í senn, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar og einn samkvæmt tilnefningu Veiðimálastofnunar. Landbúnaðarráðherra skipar formann nefndarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti og aðalmenn. Fiskeldisnefnd skal vera til ráðgjafar og stefnumótunar um eldi vatnafiska og nytjastofna bæði á landi og í sjó og fara með þau mál sem henni eru falin samkvæmt lögum.

#### 5. gr.

Fiskistofa og eftirlitsmenn í hennar þjónustu annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og skulu ákvæði laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda eftir því sem við á um það eftirlit. Eftirlitið skal ná til fiskeldislegra þátta í starfsemi stöðvanna og til þess að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Forsvarsmönnum fiskeldisstöðva er skylt að veita Fiskistofu og eftirlitsaðilum hennar allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar.

Fiskistofu er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi. Eftirlitið skal framkvæmt á vegum Fiskistofu og eftir reglum sem hún setur. Fyrir eftirlit Fiskistofu eða faggiltra eftirlitsaðila skulu fiskeldisstöðvar greiða árlegt eftirlitsgjald sem miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegsráðherra staðfestir.

Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Fiskistofa skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags.

Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um tilhögun eftirlits samkvæmt þessari grein.

#### 6. gr.

Fiskistofa getur afturkallað rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna eða stjórnvaldsfyrirmælum sem sett eru á grundvelli þeirra, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt eða ef leyfishafi verður ófær um að reka fiskeldisstöð. Brjóti leyfishafi gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki þeim skilyrðum sem sett eru í rekstrarleyfi skal Fiskistofa veita honum skriflega viðvörðun og hæfilegan frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri viðvörðun skal afturkalla rekstrarleyfi. Sé um ásetning eða stórkostlegt gáleysi að ræða getur Fiskistofa afturkallað starfsleyfi án undanfarandi viðvörðunar eða frests til úrbóta.

#### 7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsisvist allt að tveimur árum.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Fiskeldisstöðvar sem starfa á grundvelli starfsleyfis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, skulu sækja um rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum innan árs frá gildistöku.

#### *Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Frumvarp þetta er nú endurflutt með þeim breytingum sem kynntar voru í sjávarútvegsnefnd sl. vor. Til viðbótar þeim breytingum er nú lagt til að veiting rekstrarleyfa skv. 3. gr. verði tímabundin til fimm ára í senn. Frumvarpið var upphaflega lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970, með síðari breytingum, sem samþykkt var á 126. löggjafarþingi. Í þeim lögum er m.a. kveðið á um að sett verði á laggirnar fiskeldisnefnd er skuli vera til ráðgjafar og stefnumótunar um fiskeldi bæði á landi og í sjó. Þá skal nefndin fara með þau mál sem henni eru falin samkvæmt þeim lögum. Ákvæði laga um lax- og silungsveiði varðandi fiskeldi taka einungis til vatnafiska eins og þeir eru þar skilgreindir. Við auðlindastjórnun er mikilvægt að leitast við að samræma ólíka hagsmuni, t.d. hagsmuni af fiskveiðum, hagsmuni af eldi á vatnafiski og hagsmuni af eldi nytjastofna. Til að tryggja samræmda stefnumótun og framkvæmd reglna varðandi fiskeldi er mikilvægt að þeir ráðherrar sem að þessum málum koma hafi aðgang að sambærilegum upplýsingum og njóti sambærilegrar ráðgjafar. Ekki er í gildi löggjöf um eldi nytjastofna sem sambærileg er þeirri er gildir um eldi vatnafiska og er brýnt að úr því verði bætt. Fiskeldisnefndinni er m.a. ætlað að vera sjávarútvegsráðherra til ráðgjafar við þá vinnu sem fram undan er við framangreindar úrbætur. Upphaflega stóð til að frumvarpið mælti fyrir um gjaldtöku fyrir útgáfu rekstrarleyfis og meðferð umsóknar samkvæmt gjaldskrá. Þar sem vinna við mótun gjaldskrár er ekki hafin og í ljósi þess að vandkvæðum er bundið að útfæra gjaldskrá á þann hátt að gjaldið sé í réttu hlutfalli við raunverulegan kostnað við meðferð umsóknar og útgáfu rekstrarleyfis er ákveðin hættá á duldri skattheimtu. Því þykir rétt að ákvörðun um gjald fyrir útgáfu rekstrarleyfis og meðferð umsóknar bíði þeirrar allsherjar-endurskoðunar sem til stendur að gera á lögum á þessu sviði.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### Um 1. gr.

Í þessari grein er kveðið á um tilgang laganna. Tilvísun til ábyrgs eldis annars vegar og til réttmætra hagsmuna þeirra sem hins vegar nýta villta nytjastofna er ætlað að leggja þá skyldu á ráðherra að hann vegi og meti þá hagsmuni sem kunna annars vegar að felast í fyrirhuguðu fiskeldi en hins vegar í nýtingu villtra nytjastofna.

##### Um 2. gr.

Orðið eldi er notað í sömu merkingu og orðið fiskeldi í lax- og silungsveiðilögum með þeirri breytingu sem leiðir af því að í þeim lögum er það skilgreiningaratriði að um eldi vatnafiska sé að ræða. Í frumvarpi þessu nær eldi hins vegar bæði til sjávardýra og sjávargróðurs. Ekki skiptir hér máli hvort eldið fer fram á landi eða í sjó.

Með orðinu nytjastofnar er átt við auðlindir jafnt úr jurta- og dýraríkinu, hvort heldur sem slíkar lífverur þrífast á hafsbotni eða í hafinu yfir honum. Ástæða þess að ferskvatnsfiskar eru undanskildir við skilgreiningu hugtaksins nytjastofnar er sú að lög um lax- og silungsveiði eiga við um það eldi svo sem að framan er rakið.

#### Um 3. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að sjávarútvegsráðherra fari með yfirstjórn allra mála er varða eldi nytjastofna sjávar. Þá kemur fram að rekstrarleyfi þurfi til eldis nytjastofna og að eldi nytjastofna sé með öllu óheimilt á Íslandi eða í fiskveiðilandhelginni án slíks leyfis. Í lögum um ostrurækt, nr. 21/1939, er að finna hliðstætt ákvæði á hinu takmarkaða gildissviði þeirra laga. Áður en slíkt leyfi er gefið út er gert ráð fyrir að umsagna sé aflað frá Hafrannsóknastofnuninni og Hollustuvernd ríkisins. Áður hefur þessa ekki verið krafist með svo almennum hætti sem nú er gert. Rekstrarleyfi skulu gefin út til fimm ára í senn. Í greininni er gert ráð fyrir að umsókn um rekstrarleyfi skuli vera skrifleg og að þar komi fram upplýsingar m.a. um eignaraðild að fiskeldisstöð, fagþekkingu umsækjanda, stærð stöðvar, framleiðslumagn, eldistegundir, eldisaðferðir, matsskyldu framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig skulu fylgja umsókn skilríki um afnot vatns, lands og sjávar, leyfi til mannvirkjagerðar og leyfi til starfsemi samkvæmt ákvæðum annarra laga sem varða slíkan atvinnurekstur. Þá skulu fylgja umsókn gögn um sjúkdómstengda og vistfræðilega þætti. Fyrirmynd að því ákvæði sem hér er gerð tillaga um er að finna í sambærilegu ákvæði í lax- og silungsveiðilögum. Er Fiskistofu rétt að krefjast hliðstæðra gagna og þar er gerð krafa um að fylgi umsókn. Einnig er ráðherra heimilt samkvæmt greininni að setja reglugerð sem mæli nánar fyrir um þau skilyrði sem umsóknaraðilar um rekstrarleyfi þurfa að uppfylla. Í reglugerðinni skal meðal annars tilgreina viðmið varðandi stærð stöðvar, eldisrými, framleiðslugetu og önnur atriði er varða vistfræðilega og sjúkdómstengda þætti.

#### Um 4. gr.

Í þessari grein er kveðið á um skipan fiskeldisnefndar. Um nefnd þessa er fjallað í frumvarpi til laga um breytingu á lax- og silungsveiðilögum sem samþykkt var á 126. löggjafarþingi. Vísast til athugasemda við það frumvarp í þessu sambandi. Rétt er að áréttta það sem segir í almennum athugasemdum hér að framan um mikilvægi þess að sjávarútvegsráðherra geti notið ráðgjafar nefndarinnar í þeirri stefnumótunarvinnu og lagasmíð sem fram undan er á þessu sviði.

#### Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um eftirlit af hálfu Fiskistofu með framkvæmd laganna. Þau ákvæði núgildandi fiskveiðistjórnunarлага sem gilt gætu um eftirlitið eru einkum 2. mgr. 15. gr. og 17. gr. laganna. Ákvæðið á sér hliðstæðu í 13. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Gert er ráð fyrir að eftirlitið nái til fiskeldislegra þátta í starfsemi stöðvanna og að skilyrði í rekstrarleyfi séu haldin. Forsvarsmönnum fiskeldisstöðva er skylt að veita Fiskistofu og eftirlitsaðilum hennar allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar.

Fiskistofu er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, að annast framkvæmd eftirlitsins samkvæmt sérstökum samningi. Eftirlitið skal framkvæmt á vegum Fiskistofu og eftir reglum sem hún setur.

Er hér m. a. tekið tillit til athugasemda ráðgjafanefndar um opinberar eftirlitsreglur sem hefur lagt til að eftirlit skuli framkvæmt af faggiltum skoðunarstöðvum í eins ríkum mæli og unnt er og eðlilegt megi teljast að rekstrarleyfishafar greiði raunkostnað við eftirlit. Með hliðsjón af því er lagt til að fiskeldisstöðvar greiði árlegt eftirlitsgjald fyrir eftirlit Fiskistofu eða faggiltra eftirlitsaðila. Skal gjaldið miðast við raunkostnað við eftirlitið samkvæmt gjaldskrá sem sjávarútvegsráðherra staðfestir. Eftirlitsgjald skal innheimt með einni greiðslu á ári eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Fiskistofa skal annast innheimtu eftirlitsgjaldsins. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á eindaga reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjald-daga til greiðsludags.

Í greininni kemur fram að ráðherra geti með reglugerð mælt nánar fyrir um tilhögun eftirlits.

#### Um 6. gr.

Í þessari grein kemur fram að Fiskistofa getur afturkallað rekstrarleyfi samkvæmt lögum þessum ef leyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum laganna eða stjórnvaldsfyrir-mælum sem sett eru á grundvelli þeirra, skilyrðum leyfis er ekki fullnægt eða ef leyfishafi verður ófær um að reka fiskeldisstöð. Í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti skal Fiskistofa veita leyfishafa skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta, brjóti hann gegn ákvæðum laga þessara eða hlíti ekki þeim skilyrðum sem sett eru í rekstrarleyfi. Þá kemur fram að sinni leyfishafi ekki slíkri viðvörun verður rekstrarleyfi afturkallað. Að lokum segir í greininni að Fiskistofa geti afturkallað starfsleyfi án undanfarandi viðvörunar eða frests til úrbóta, sé um ásetning eða stórkostlegt gáleysi að ræða.

#### Um 7. og 8. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

#### Um ákvæði til bráðabirgða.

Hér er kveðið á um að fiskeldisstöðvum sem hafa starfað á grundvelli starfsleyfis samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sé veitt ráðrúm í eitt ár til að koma starfsemi sinni í það horf sem frumvarpið kveður á um.

### Fylgiskjal.

*Fjármálaráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

#### **Umsögn um frumvarp til laga um eldi nytjastofna sjávar.**

Frumvarpið er lagt fram í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 76/1970. Tilgangurinn með frumvarpinu er að stuðla að hagkvæmu og ábyrgu eldi nytjastofna og verndun villtra stofna þeirra. Einnig er kveðið á um að sjávarútvegsráðherra fari með yfirstjórn allra mála er varða eldi nytjastofna sjávar. Í frumvarpinu er lagt til að til eldis nytjastofna þurfi rekstrarleyfi sem Fiskistofa gefur út. Í 5. gr. frumvarpsins kemur fram að gert er ráð fyrir að komið verði á gjaldtöku fyrir eftirlit sem miðist við raunkostnað. Jafnframt er gert ráð fyrir að sjávarútvegsráðherra tilnefni einn fulltrúa í fisk-

eldisnefnd. Landbúnaðarráðherra skipar nefndina og er gert ráð fyrir kostnaði við hana hjá landbúnaðarráðuneytinu. Þar sem ekki er gert ráð fyrir að gjaldtöku fyrir rekstrarleyfi að sinni, samanber greinargerð frumvarpsins, leggst kostnaðurinn á ríkissjóð. Gert er ráð fyrir kostnaði sem nemur einu starfsgildi hjá Fiskistofu eða framlagi sem nemur 5 m.kr. á ári.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum er áætlað að það kosti ríkissjóð 5 m.kr. á ári.